

# Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands

Mars 2003



# Yfirlit efnahagsmála

*Hækkun vísitölu neysluverðs í mars meiri en vænst var*

Hækkun vísitölu neysluverðs um 1,08% í mars var umfram væntingar. Meira en helming hækkunarinnar (0,63%) má reyndar rekja til loka vetrarútsalna, sem leiddu til þess að fatnaður hækkaði u.þ.b. 13% í verði, en útsölulokaáhrifin voru öllu meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Frekar var búist við heldur minni hækkun í ljósi þess að gengi krónunnar hafði styrkst verulega frá því fyrir útsölur.

Húsnæðisliður vísitölunnar hækkaði um 1,2%, þar af leiga um 2,8% og markaðsverð húsnæðis um 0,8%. Undanfarna fjóra mánuði hefur húsnæðisliðurinn hækkað um u.þ.b. 1% á mánuði, sem er vísbending um töluvert sterka eftirspurn.

*Landsframleiðslan dróst saman um ½% á sl. ári*  
Samdráttur landsframleiðslu árið 2002 var ívið meiri á sl. ári en Seðlabankinn hafði áætlað í febrúar, eða ½%. Munurinn liggur einkum í því að útflutningur á síðasta fjórðungi ársins var minni en reiknað hafði verið með, en innflutningur meiri. Útflutningur síðustu þrjá mánuði ársins var 2½% minni en fyrir ári, en rétt er að hafa í huga að undir lok ársins 2001 var útflutningurinn óvenju mikill. Innflutningur undir lok árs 2001 hafði hins vegar verið óvenju lítill, sem birtist í töluverðum vexti innflutnings til sama fjórðungs ársins 2002. Hagstofan telur að sveiflurnar í útflutningi megi að nokkru leyti rekja til birgðabreytinga. Einkaneysla hefur smám saman verið að jafna sig eftir dýfuna í kringum áramótin 2001/2002. Á síðasta fjórðungi sl. árs var hún rúmlega 1% meiri en fyrir ári, en á árinu í heild rúmlega 1% minni en árið 2001.

*Virðisaukaskattstengd velta síðustu tvo mánuði ársins dróst saman frá fyrra ári að raunvirði, en merki sjást um vaxandi einkaneyslu*

Virðisaukaskattstengd velta síðustu tvo mánuði sl. árs var 5% minni að raungildi en fyrir ári.

Mestur samdráttur var í heildsölu án eldsneytis og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, eða 15% og 13%. Smásöluverslun stóð í stað, en 7% raunvöxtur var í veltu í þjónustu, hótél- og veitingahúsarekstri.

Allt árið 2002 var veltan 2½% minni að raunvirði en árið áður. Að teknu tilliti til gengisbreytinga, sem hafa áhrif á u.þ.b. 35% af veltunni, var hins vegar um litla sem enga breytingu á milli ára að ræða.

Veltuaukning í dagvöruverslunum og aukin greiðslukortavelta benda til þess að einkaneysla sé nokkuð að rétta úr kútnum. Tímabilið frá desember til febrúar sl. var greiðslukortaveltan u.þ.b. 7% meiri en fyrir ári, þar af innanlandsvelta 5½% meiri.

*Vöruinnflutningur dróst saman í janúar og útflutningur einnig*

Árstíðarleiðréttur innflutningur hefur undanfarna mánuði verið töluvert minni að raunvirði en sl. sumar. Samdrátturinn í janúar, sem nam 5% frá fyrra ári á föstu gengi, var einkum bundinn við fjárfestingar- og rekstrarvöru, en innflutningur neysluvöru, einkum varanlegrar neysluvöru, var töluvert meiri en á sama tíma í fyrra. Bílainnflutningur jókst t.d. um 75%. Þessar tölur eru í samræmi við veltutölur sem benda til vaxandi einkaneyslu, en samdráttar í fjárfestingu. Samdráttur heildarinnflutnings í janúar virðist þó hafa verið tilviljunarkenndur að hluta, því bráðabirgðatölur frá fjármálaráðuneytinu fyrir febrúar benda til töluverðs vaxtar. Útflutningur í janúar var 5% minni á föstu gengi en fyrir ári.

*Lítillsháttar halli á viðskiptajöfnuði 2002/4*

Á síðasta fjórðungi sl. árs var tæplega 0,6 ma.kr. halli á viðskiptum við útlönd. Á sama tíma fyrir ári var tæplega 7 ma.kr. afgangur. Óhagstæðari viðskiptajöfnuð síðustu mánuði ársins má rekja til bæði samdráttar í vöruútflutningi og aukins innflutnings, einkum á þjónustu.

Mest munaði um að afgangur á vöruviðskiptum var 6,7 ma.kr. minni en fyrir ári, eða 2 ma.kr. Þáttatekjuhallinn nam hins vegar aðeins tæplega 1 ma.kr., eða tæplega helmingi minni en á sama tíma í fyrra. Það skýrist af lægri erlendum vöxtum, hækkun gengis krónu og lækkun gengis Bandaríkjadals gagnvart evru. Á árinu öllu var 1,8 ma.kr. afgangur, en 29 ma.kr. halli var árið 2001.

Innflutt þjónusta tók töluverðan kipp á síðasta fjórðungi sl. árs og voru útgjöld vegna hennar 20% meiri á föstu gengi en fyrir ári (sjá mynd 21). Á sama tíma árið 2001 hafði innflutt þjónusta dregist saman um fimmtung. Útflutningur þjónustu tók einnig að vaxa. T.d. jukust útgjöld vegna samgangna um 44% og tekjur af þeim um fimmtung.

#### *Atvinnuleysi enn á uppleið en lausum störfum fjölgar*

Atvinnuleysi jókst í febrúar úr 3,8% í 4,1%. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi hækkaði um 0,2% í 3,2%, eftir að hafa staðið í stað, eða því sem næst, mánuðina á undan. Störfum í boði hjá atvinnumiðlunum fjölgaði hins vegar nokkuð á milli janúar og febrúar, en undanfarin tvö ár hefur þeim fækkað á þessum árstíma. Þetta kann að vera vísbending um að atvinnuleysið sé u.þ.b. að ná hámarki, þótt síðasta könnun Samtaka atvinnulífsins hafi bent til annars. Flestir forráðamenn 400 stærstu fyrirtækja landsins töldu í febrúar að starfsmannafjöldinn yrði óbreyttur næstu mánuði.

#### *Bjartari horfur samkvæmt viðhorfsvísitölum*

Viðhorfsvísitala 400 stærstu fyrirtækja landsins sýnir lakara ástand í febrúar en í september sl. og heldur lakari horfur til sex mánaða, en betri til tólf mánaða. Rúmur helmingur fyrirtækja telur að aðstæður verði betri eftir sex mánuði og  $\frac{3}{4}$  að þær verði betri eftir tólf mánuði, en aðeins um

u.þ.b. tíundi hluti að aðstæður muni versna. Í september töldu þó enn færri að aðstæður myndu versna næstu mánuði, sem skýrir lækkun vísitölunnar. Fyrirtækin telja að velja muni aukast að raungildi en hagnaður minnka, einkum á landsbyggðinni.

Væntingavísitala Gallup hækkaði í mars, þriðja mánuðinn í röð og hefur ekki staðið jafn hátt í tveggja ára sögu vísitölunnar. Einkum hafa væntingar til sex mánaða batnað sl. mánuði (mynd 14).

#### *Raunstyrivextir Seðlabankans*

Frá því Seðlabankinn tilkynnti um vaxtalækkun 10. febrúar sl. hafa raunstyrivextir, mældir með verðbólguálagi óverðtryggðra ríkisbréfa til  $4\frac{1}{2}$  árs, verið í námunda við  $2\frac{1}{2}\%$ . Lækkun verðbólguálagsins hefur haft í för með sér nokkra hækkun sl. viku og undanfarna daga hafa raunvextirnir á þennan mælikvarða verið á bilinu 2,6-2,8%. Miðað við verðbólguálag til tveggja ára hafa raunvextirnir hækkað um tæplega  $\frac{1}{2}\%$  frá því í byrjun mánaðar, aðallega sl. viku. Hinn 25. mars sl. voru þeir 3,4%.

Skammtíma vaxtamunur gagnvart útlöndum hefur að undanfögnu verið á bilinu 2,8% til 3%, en munurinn var tímabundið nokkuð minni fyrri hluta febrúarmánaðar.

#### *Annað*

- Innheimta óbeinna skatta, virðisaukaskatts og innflutningsgjalda, var 12% og 19% meiri í febrúar sl. en fyrir ári (mynd 38).
- Olíu- og bensínverð hefur hríðfallið sl. viku (mynd 26).
- Afli og aflaverðmæti fyrstu tvo mánuði ársins voru lakari en fyrir ári (mynd 23).

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 25. mars 2003.

## Yfirlitstafla Hagvísu

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar <sup>1</sup>	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á vísitölu (%)	Breyt. yfir 12 mán. f. ári (%)
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði <sup>2</sup>	yfir 12 mánuði		
Visitala neysluverðs (maí 1988=100).....	mar. '03	226,7	1,1	3,4	2,2	-	8,7
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensins)	mar. '03	127,9	1,0	4,0	2,6	2,3	9,5
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu).....	mar. '03	128,5	1,1	3,7	2,3	1,9	10,1
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis .....	mar. '03	127,6	0,2	-0,3	-0,5	-0,1	11,4
Búvörur og grænmeti.....	mar. '03	117,3	-0,4	-3,2	-4,2	-0,3	7,5
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks .....	mar. '03	110,0	2,8	0,5	-1,0	-0,3	9,6
- mat- og drykkjarvörur.....	mar. '03	124,2	-0,4	-5,3	-7,2	-0,2	20,4
- nýr bíll og varahlutir.....	mar. '03	114,3	0,0	1,1	-1,2	-0,1	13,2
- bensín.....	mar. '03	127,7	5,0	6,1	8,1	0,3	-4,8
- innfluttar vörur aðrar.....	mar. '03	101,0	4,1	0,0	-1,7	-0,3	9,7
Húsnæði.....	mar. '03	162,5	1,0	10,5	8,8	1,3	6,0
Opinber þjónusta.....	mar. '03	126,6	0,4	8,2	6,6	0,4	5,5
Önnur þjónusta.....	mar. '03	136,5	0,0	3,0	3,3	0,8	10,0
Dagvara.....	mar. '03	123,3	-0,1	-3,0	-3,7	-0,7	-
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100).....	28. feb. '03	103,1	0,1	-13,3	-11,1	-	11,9

	Nýjasta tímabil	Vænt 12 mán. verðbólga	Breyt. frá síðustu könnun.	Vænt 12 m. verðbólga fyrir ári	Vænt verðbólga á ársvarða á næstu 2 ár	Vænt verðbólga á næstu 3 ár	Hugmynd um verðb. sl. 12 mán.
Verðbólguvæntingar m.v. verðbólguálag vaxta <sup>3</sup> .....	25. mar. '03	1,3	-	-	1,8	2,14	-
Verðbólguvæntingar fyrirtækja.....	feb. '03	2,1	0,5	-	2,4	-	-
Verðbólguvæntingar almennings.....	jan. '03	3,6	0,1	6,6	-	-	3,2

1. Grunntímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988=100; aðrar verðvísitölur undirflokkna: mars 1997=100. 2. Umreiknað til ársbraða. 3. Reiknað verðbólguálag til 1, 2, og 3 ára miðað við mismun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina með sama líftíma.

II Framleiðsla og eftirspurn	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrira ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Landsframleiðsla (ma.kr.).....	4. ársfj. '02	196,6	202,3	-	-3,0	774,4	-0,6
Þjóðarútgjöld (ma.kr.).....	4. ársfj. '02	195,6	193,0	-	0,2	760,6	-2,6
Einkaneysla (ma.kr.).....	4. ársfj. '02	109,4	108,2	-	1,3	419,5	-1,2
Samneysla (ma.kr.).....	4. ársfj. '02	51,1	46,6	-	4,7	194,7	3,1
Fjármunamyndun (ma.kr.).....	4. ársfj. '02	34,9	38,2	-	-8,5	146,5	-13,0
Útflutningur (ma.kr.).....	4. ársfj. '02	72,1	82,7	-	-2,6	307,3	2,9
Innflutningur (ma.kr.).....	4. ársfj. '02	-71,1	-73,5	-	6,8	-293,5	-2,4
Velta skv. virðisaukaskattsskýrslum (ma.kr.).....	nóv.-des. '02	224,8	231,4	-1,7	-2,8	1.293,3	0,0
Dagvöruvelta (ma.kr.).....	feb. '03	95,7	91,8	-4,9	4,3	-	-
Greiðslukortavelta (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	feb. '03	39,6	36,4	2,6	7,9	74,6	7,2
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.).....	jan.-des. '02	362,4	330,5	-	-	362,4	9,7
Sementssala (þús. tonn).....	feb. '03	6,2	4,6	-8,6	34,6	13,1	11,8
Nýskráning bifreiða (stk.).....	feb. '03	792	509	5,3	55,6	1.544	50,3

Skýring: Allar breytingar fjarhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiðréttum tölum.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrira ári	Gildi	fyrira ári (%)
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100)	des. '02	100,0	101,1	1,3	-1,1	101,8	0,6
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn).....	mars '03	1.371	1.405	-3,6	-2,4	1.391	2,9
Verð olíu á heimsmarkaði ((\$/fat).....	mars '04	25,9	24,0	-20,7	7,9	29,9	44,0
Botnfiskafli (þús. tonn).....	feb. '03	34,6	37,8	21,0	-8,9	62,9	-4,5
Uppsjávarafli (þús. tonn).....	feb. '04	248,5	399,6	9,3	-37,8	475,9	-14,1
Vöruútflutningur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	jan.03	16,1	18,9	23,4	-5,1	16,1	-5,1
- sjávarafurðir (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	jan.03	8,8	10,6	3,2	-7,4	8,8	-7,4
- ál (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	jan.03	3,5	4,5	58,9	-12,7	3,5	-12,7
- iðnaðarvörur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	jan.03	6,4	7,2	70,0	-0,3	6,4	-0,3
Vöruinnflutningur (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	jan.03	11,4	13,6	-19,0	-6,1	11,4	-6,1
Vöruskiptajöfnuður (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	jan.03	4,7	5,3	5,8	-0,7	-0,4	6,4
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	4. ársfj. '02	23,5	24,7	-27,2	4,8	103,9	-2,9
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) <sup>1</sup> .....	4. ársfj. '02	24,6	24,1	-12,0	-2,0	102,8	-1,9
Raugengi m.v. verðlag (1980=100).....	1. ársfj. '03	95,2	84,3	5,8	13,0	95,2	13,0

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

IV Vinnumarkaður og tekjur	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting <sup>1</sup> frá		Frá ársbyrjun <sup>2</sup>	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá fyrri ári (%)
Fjöldi atvinnulausra.....	feb. '03	5.758	3.556	550	2.202	5.483	59,8
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleiðrétt (% af mannafla).....	feb. '03	3,2	2,1	0,2	1,2	3,2	1,2
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (% af mannafla).....	nóv. '02	3,2	2,4	0,0	0,8	.	.
Vinnumagn (klst. á viku) (vinnumarkaðskönnun Hagstofu)....	nóv. '02	6.340	6.452	1,1	-1,7	.	.
Laus störf á vinnumiðlumum.....	feb. '03	170	167	27	2	152	-12,9
Útgáfa nýrra atvinnuleyfa.....	feb. '03	35	85	-29	-59	84	-57,1
Útgáfa atvinnuleyfa alls.....	feb. '03	169	304	-21	-44	382	-40,8
Launavísitala (des. 1988=100).....	feb. '03	237,5	224,8	0,2	5,6	237,3	5,6
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	feb. '03	132,3	127,1	0,4	4,0	132,0	4,0

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/fækkun: breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnulausra og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%); breytingar í aftasta dálki eru hlutfallslegar (%). 2. Meðalfjöldi atvinnuleysisdaga í mánuði, meðaltal atvinnuleysishlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa.

V Opinber fjármál	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	feb. '03	0,0	1,0	-	-	1,9	-
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%).....	feb. '03	0,0	5,1	-	-	4,3	-
Hrein lánsfjárþörf (ma.kr.).....	feb. '03	-1,4	5,1	-	-	-2,5	-
Hrein lánsfjárþörf (% af tekjum).....	feb. '03	-6,5	25,3	-	-	-5,6	-
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	feb. '03	21,7	20,2	2,3	7,5	44,2	6,4
- af virðisaukaskatti (ma.kr.).....	feb. '03	6,4	5,9	1,9	8,0	13,4	11,9
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.).....	feb. '03	6,4	6,2	0,8	3,0	13,0	3,5
- af innflutningi og áfengi (ma.kr.).....	feb. '03	1,3	1,2	0,2	9,0	2,5	18,5
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.).....	feb. '03	21,7	19,2	6,1	13,2	42,3	10,7

Skýring: Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 mánaða meðaltöl, fram til þess mánaðar sem tilgreindur er.

VI Eignamarkaðir	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðaltal	Breyt. frá f. ári (%)
Úrvalsvisitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=100).....	feb. '03	1.364,0	1.275,2	1,8	7,0	1.351,9	8,6
Heildarvisitala aðallista, mánaðarmeðaltal (des. 1997=100)....	feb. '03	1.437,3	1.284,0	1,1	11,9	1.429,3	13,8
Velta, mánaðarleg (ma.kr.).....	feb. '03	37,0	24,8	27,5	49,5	66,1	34,3
Íbúðaverð á höfuðborgarsvæði (jan. 1996=100).....	feb. '03	173,8	161,5	0,9	7,6	173,0	7,5
Raunverð íbúða á höfuðborgarsvæði (jan. 1996=100).....	feb. '03	135,2	127,7	0,8	5,8	134,6	5,6
Aflahlutdeild (kr./kg.).....	feb. '03	1.250	780	4,2	60,3	1.217	60,8

VII Fjármálamarkaðir	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðaltal	Breyt. frá fyrri ári (%)
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.).....	28. feb. '03	703,7	690,9	2,8	1,9	-	-
að frádregnum áætl. gengis- og vísitöluáhrifum (vísitala)	28. feb. '03	166,7	156,8	3,0	6,3	-	-
að raungildi (jan. 1999=100).....	28. feb. '03	120,9	128,1	-3,7	-5,7	-	-
Útlán lánaakerfisins (ma.kr.).....	31. des. '02	1.985,0	1.918,3	0,5	3,5	-	-
M3 (ma.kr.).....	28. feb. '03	393,2	350,2	1,2	12,3	-	-
Stýrivextir Seðlabankans (%).....	21. mar. '03	5,3	10,1	0,0	-4,8	5,5	-4,6
Peningamarkaðsvextir, 3ja mán (%) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	5,4	11,6	-0,4	-6,2	5,8	-6,4
Ríkisvxlavextir, 3ja mán (%) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	5,3	9,6	-0,1	-4,4	5,5	-3,5
Skammtímarauvextir 3 mán. ríkisvixla m.v. verðb.álag (%) <sup>1</sup>	21. mar. '03	2,5	7,1	-0,7	-4,6	2,9	-4,1
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (4 ár, RIKB 07 0209) (%) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	7,1	9,2	0,2	-2,0	7,1	-1,5
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (10½ ár, RIKB 13 0517) (%) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	7,8	.	0,3	.	7,7	.
Ávöxtunarkrafa húsbreifa til 25 ára (IBH 26 0315) (%) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	4,9	6,1	0,0	-1,2	5,0	-0,6
Ávöxtunarkrafa húsbreifa til 40 ára (IBH 41 0315) (%) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	4,9	5,8	0,0	-0,8	4,9	-0,3
Ávöxtunarkrafa spariskirteina til 5 ára (RIKS 05 0410) (%) <sup>1</sup> ..	21. mar. '03	4,2	6,2	-0,2	-1,9	4,4	-1,2
Ávöxtunarkrafa spariskirteina til 15 ára (RIKS 15 1001) (%) <sup>1</sup>	21. mar. '03	4,8	5,4	0,0	-0,6	4,8	-0,1
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) <sup>1</sup> ...	21. mar. '03	12,0	17,4	-0,5	-5,4	12,3	-5,1
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	9,2	10,2	-0,2	-1,0	9,4	-0,8
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) <sup>1</sup> .....	21. mar. '03	122,1	137,4	0,2	-15,3	122,6	-16,0

1. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindur er.

# I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar

Vísitala neysluverðs hækkaði í mars um 1,08%, og 1,11% án húsnæðis. Markaðsaðilar gerðu að meðaltali ráð fyrir tæplega 0,5% hækkun á milli mánaða. Kjarnavísitölurnar tvær hækkuðu um 1% og 1,1% og tólf mánaða hækkun þeirra var 2,65% og 2,3%.

Verð á fötum og skóm hækkaði um 12,9% (sem skýrir 0,63% hækkun vísitölunnar), markaðsverð húsnæðis og húsaleigu um 1,2% (0,1%) og verð á bensíni og olíu um 5,1% (0,2%). Verð á mat- og drykkjarvörum lækkaði lítillega milli mánaða.






Yfir tólf mánuði hækkaði vísitalan um 2,2%. Hækkunin stafaði eingöngu af verðhækkun þjónustu og hús-

næðis, en vöruverð var að meðaltali ívið lægra en í mars 2002. Að húsnæðiskostnaði undanskildum var verðbólgan 0,9%.

Húsnæðisliður vísitölunnar hækkaði um 0,8% milli mánaða og um 8,8% á tólf mánuðum.

Verðbólguálag ríkisskuldabréfa til tveggja og fimm ára var 25. mars sl. heldur lægra en fyrir mánuði. Það var 1,8% til tveggja ára og 2,6% til fimm ára, en 3,1% til sjö ára.

Samkvæmt könnun sem gerð var í febrúar meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins gerðu þau að meðaltali ráð fyrir 2,1% verðbólgu næstu tólf mánuði.



## II Framleiðsla og eftirspurn

Landsframleiðslan dróst saman um 3% á síðasta fjórðungi ársins 2002. Á árinu öllu dróst landsframleiðslan saman um ½%. Þjóðarútgjöld á ársfjórðungnum voru u.þ.b. óbreytt frá sama tíma fyrir ári, útflutningur dróst saman um 2½% og innflutningur jókst um tæp 7%. Einkaneysla á síðasta fjórðungi ársins var lítillgei meiri en fyrir ári, en nokkur samdráttur var á árinu í heild.







Samkvæmt virðisaukaskattskýrslum dróst velta í nóvember og desember sl. saman um 5% að raunvirði frá sama tíma árið 2001, en um 4% án eldsneytis.

Dagvöruvelta í janúar og febrúar sl. var 4,3% og 7,4% meiri að raunvirði en fyrir ári.

Greiðslukortavelta fyrstu tvo mánuði ársins var 7% meiri að raunvirði en fyrir ári. Þar með hefur samdráttur sem varð árið 2001 u.þ.b. gengið til baka.



Velta skráðra fyrirtækja árið 2002 jókst að raunvirði um 8½% frá fyrra ári. Framlegð var tæplega 11% af veltu, eða svipuð og árið 2001. Hagnaður eftir skatta jókst til mikilla muna. Hann var því sem næst enginn árið 2001, en var 10,5% af veltu á sl. ári. Hreint veltufé frá rekstri jókst um rúmlega þriðjung.

Sementsala í febrúarmánuði var rúmlega þriðjung meiri en fyrir ári. Ársvöxtur þriggja mánaða meðaltals nam 8%. Nýskráningar bíla í febrúar var 55% fleiri en í febrúar í fyrra.





## II Framleiðsla og eftirspurn



## III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði

Vöruútflutningur í janúar var 5% minni á föstu gengi en í janúar í fyrra. Minna var flutt út af sjávarafurðum og áli, en útflutningur á öðrum iðnaðarvörum var fimmtungi meiri en fyrir ári. Í desember var einnig töluverður samdráttur.





Vöruinnflutningur í janúar var 6% minni en fyrir ári. Mestur samdráttur var í innflutningi rekstrar- og hrávöru og eldsneytis, en innflutningur varanlegrar neysluvöru var mun meiri en fyrir ári, t.d. var bílannflutningur 75% meiri. Árstíðarleiddréttur vöruinnflutningur á föstu gengi og verðlagi hefur veikt töluvert undanfarna mánuði (mynd 19).

Samkvæmt bráðabirgðatölum byggðum á innheimtu virðisaukaskatts af innfluttum vörum var innflutningur í febrúar 17% meiri á föstu gengi en fyrir ári.









Samdráttur var í öllum aflaflokkum fyrstu tvo mánuði ársins, tæplega 5% samdráttur í botnfiskafla, fimmtungs samdráttur í rækju og skelfiski og 14% í uppsjávarafla. Verðmæti aflans á föstu verði var 7% minna en í fyrra.

Verð á frystum sjávarafurðum hefur lækkað nokkuð sl. vikur.



Hráolíuverð féll um tæplega þriðjung í sl. viku og bensínverðið um fjórðung á 10 dögum. Framvirkt verð á hráolíu- og bensínverð fer lækandi eftir því sem á árið líður.



### III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði



### III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði



### IV Vinnumarkaður og tekjur

Atvinnuleysi mældist 4,1% í febrúar. Árstíðarleiðrét var atvinnuleysi 3,2% og jókst um 0,2% milli mánaða. Það hafði verið nær óbreytt frá septembermánuði, eftir að hafa aukist jafnt og þétt frá miðju ári 2001.





Samkvæmt viðhorfskönnun meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins virðast flestir forráðamanna þeirra telja að starfsmannafjöldinn muni haldist óbreyttur næstu sex mánuði. Kannanir Samtaka atvinnulífsins áður höfðu bent til töluverðrar fækkunar.

Laus störf hjá vinnumiðlunum í lok febrúar voru 170, samanborið við 164 fyrir ári, og fjölgaði nokkuð milli mánaða. Undanfarin tvö ár fækkaði lausum störfum á þessum árstíma.




Í febrúar 2003 voru alls veitt rúmlega helmingi færri atvinnuleyfi en í febrúar í fyrra. Nýjum tímabundnum leyfum fækkaði hlutfallslega álíka mikið og framlengdum atvinnuleyfum um þriðjung.

Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 0,2% milli janúar og febrúar. Undanfarna tólf mánuði hefur kaupmáttur launa aukist um 4%.

Áætlað launaskrið milli 3. og 4. ársfjórðungs á síðasta ári var 0,4%, en 0,9% milli síðustu ársfjórðunga 2001 og 2002.



## IV Vinnumarkaður og tekjur




## V Opinber fjármál



Nokkur kippur kom í innheimtu óbeinna skatta í febrúar og var innheimta virðisaukaskatts 12% meiri en í febrúar í fyrra og innheimta innflutningsgjalda 19% meiri. Gætir þess greinilega í raunbreytingum fjögurra mánaða meðaltala í meðfylgjandi myndum, og kann að vera vísbending um aukna eftirspurn. Innheimta tekju- og eignaskatta hefur hins vegar staðið í stað á sama tíma, sem ekki er óvænt í ljósi lækkana á skatthlutföllum um áramótin. Alls voru innheimtar rúmlega 6% meiri tekjur í janúar og febrúar en á sama tíma í fyrra, en útgjöld hækkuðu um 10,7%. Vaxtagreiðslur af spariskirteinum vögu þungt fyrstu tvo

mánuði ársins, en gjöld án vaxta voru um 6% hærri en til febrúarloka 2002.

Innheimtar tekjur voru tæplega 2 ma.kr. umfram greidd gjöld frá ársbyrjun til febrúarloka, svipað og undanfarin tvö ár. Eignahreyfingar, þ.e.a.s. veitt lán, stofnfjár- og viðskiptareikningar, voru jákvæðar um tæpan milljarð í janúar og febrúar, m.a. vegna greiðslna af andvirði ríkisbankanna. Lánsfjárafgangur var 2½ ma.kr. Fyrirframgreiðslur lífeyrisskuldbindinga og afborganir umfram lán-tökur urðu til þess að innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum lækkuðu um 3½ ma.kr.



## V Opinber fjármál







## VI Eignamarkaðir

Hlutabréfavisitölur halda áfram að hækka. Úrvalsvísitalan hefur hækkað u.þ.b. 6% frá ársbyrjun og heildarvísitalan um 4,5%.


Velta fyrstu tvo mánuði ársins var rúmlega þriðjungur meiri en fyrir ári. Ársuppgjör skráðra fyrirtækja var í flestum tilfellum í samræmi við spár greiningardeilda.

Verð leiguvóta hefur lækkað undanfarnar vikur. Talið er að því valdi tregur afli og lægra verð á fiskmörkuðum, m.a. vegna styrkingar krónunnar. Verð á varanlegum kvóta er enn mjög hátt.

Fasteignaverð hefur mikið hækkað að undanförmu. Vísitala fermetraverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 4,3% á þremur mánuðum, 7,1% á sex mánuðum og 9,6% á tólf mánuðum til febrúar á þessu ári. Að raungildi er verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu orðið svipað og það varð hæst á árinu 2001.



## VI Eignamarkaðir



## VII Fjármálamarkaðir





Vöxtur útlána lánakerfisins hélt áfram að hjaðna síðustu þrjá mánuði sl. árs. Í lok desember 2002 höfðu útlánin aukist um 3½% á tólf mánuðum. Útlán til atvinnuvega jukust um rúmlega 1%, en útlán til heimila um 7%.

Tólf mánaða vöxtur innlendra útlána innlánsstofnana til febrúarloka var tæp 2%, eftir að hafa verið neikvæður í janúar.









Hinn 21. mars sl. voru raunstyrivextir Seðlabankans, mældir með verðbólguálagi óverðtryggðra ríkisbréfa til 4½ árs, u.þ.b. ½% hærrí en fyrir mánuði. Stafar það af lækkun verðbólguálagsins. Skammtíavaxtamunur gagnvart útlöndum jókst á sama tíma um 0,1% vegna vaxtalækkunar erlendis og var 2,8%, 24. mars.

Hinn 21. mars hafði ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til 1 og 4 ára lækkað um 0,2 og 0,3 prósentur frá því fyrir mánuði, en ávöxtunarkrafa 7 ára ríkisbréfa var nánast óbreytt. Ávöxtunarkerill peningamarkaðsbréfa hliðraðist nokkuð niður á við í styttri endann sl. mánuð sökum lækkunar vaxta til einnar nætur og mánaðar á millibankamarkaði.



Ávöxtunarkrafa 25 ára húsbreifa hefur lækkað um 0,2% sl. mánuð en ávöxtunarkrafa 15 ára spariskírteina er því sem næst óbreytt.



## VII Fjármálamarkaðir



## VII Fjármálamarkaðir



## VIII Alpjóðleg efnahagsmál

Iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu jókst um 1,1% í janúar og gekk þá að verulegu leyti til baka samdráttur sem varð í desember.

Iðnaðarframleiðsla í Bretlandi minnkaði um 0,8% í janúar, miðað við þriggja mánaða meðaltal. Milli janúar-mánaða í ár og 2002 var samdrátturinn 1,1%.





Árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla í Japan jókst um 1,5% í janúar eftir fjögurra mánaða samfelldan samdrátt.

Öllum á óvart versnaði atvinnuástand í Bandaríkjunum töluvert í febrúar. Atvinnuleysi mældist nú 5,8%.

Leiðandi hagvaxtarvísitala OECD (Composite Leading Indicator) hækkaði í janúar þriðja mánuðinn í röð eftir samfellda lækkun í sex mánuði þar á undan.









Hækkandi orkuverð leiddi til aukinnar verðbólgu í febrúar, bæði austan Atlantshafs og vestan. Á evrusvæðinu jókst verðbólgan í 2,4%, en kjarnaverðbólga mældist 1,9%, eða aðeins undir verðbólguþröngun bankans. Í Bandaríkjunum mældist verðbólgan 3%, en undirliggjandi verðbólga var hin sama og á evrusvæðinu.



Evrópski seðlabankinn lækkaði stýrivexti um ¼ úr prósentu, úr 2¾% í 2½% 6. mars sl. Bankinn lækkaði vexti síðast um ½ prósentu í desember 2002.





## VIII Alþjóðleg efnahagsmál





# Skýringar við myndir í Hagvísunum Seðlabanka Íslands

## Mynd 1. Verðbólga

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvisitölu Hagstofunnar og kjarnavísitalna 1 og 2. Einnig er sýnt verðbólguþéttun Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

## Mynd 2. Neysluverðsvisitöla eftir eðli og uppruna

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirliða neysluverðsvisitölnnar: visitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.

## Mynd 3. Verð innfluttrar vöru í visitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitöla

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í visitölu neysluverðs. Vísitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitöla, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

## Mynd 4. Verðbólga á Íslandi og í viðskiptalöndunum

Heimild: Hagstofa Íslands, Eurostat. Verðbólga á Íslandi og á EES-svæðinu miðað við 12 mánaða breytingu samræmdrar visitölu neysluverðs (HICP). Verðbólga í viðskiptalöndunum er miðað við 12 mánaða breytingu visitölu neysluverðs í Bandaríkjunum, Japan og Sviss en 12 mánaða breytingu í samræmdrar visitölu neysluverðs í öðrum viðskiptalöndum.

## Mynd 5. Verð matvöru, dagvöru og bensins

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvisitölum þriggja undirflokka neysluverðsvisitölu, matvöru, dagvöru og bensins.

## Mynd 6. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og fyrirtækja og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Á árunum 2000-2002 sá IBM (áður PriceWaterHouseCoopers) um kannanirnar á verðbólguvæntingum almennings. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa til um 4 ára (RIKB 07 0209) og spariskirteinaflokks sem er svipaðar tímallengdar (RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið janúar 2000 - júní 2002 og daglegar frá 1. júlí 2002.

## Mynd 7. Ársfjórðungslegar þjóðhagsstærðir

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, útflutnings, þjóðarútgjalda og vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári.

## Mynd 8. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um heildarveltu og veltu innanlandsgreina. Tölur eru staðvirtar með visitölu neysluverðs án bensins og húsnæðis og eru einnig sýndar árstíðarleiddréttar.

## Mynd 9. Dagvöruvelta

Heimild: Samtök verslunar og þjónustu (SVP). Visitölur veltu í smávölu fyrir dagvöru og áfengi. Staðvirt með verðvisitölu viðkomandi vöruflokks í neysluverðsvisitölnni. Nóvember 2001=100. Visitölnnar eru reiknaðar af IMG skv. upplýsingum sem berast beint frá fyrirtækjum og er miðað við að a.m.k. 80% fyrirtækja í greininni skili upplýsingum.

## Mynd 10. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og erlendis. Staðvirt er með visitölu neysluverðs (velta innanlands) og meðalgengisvisitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

## Mynd 11. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirbyggjandi upplýsingar hverju sinni.

## Mynd 12. Sementssala og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bilgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

## Mynd 13. Samningsverð í útboðum og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana

Heimildir: Framkvæmdasýsla ríkisins, Innkaupastofnun Reykjavíkur og Vegagerð ríkisins. Miðað er við ársfjórðungslegt, vegið meðaltal samninga. Sýnd er fjárhæð samninga og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana.

*Mynd 14. Væntingavísitölur GALLUP*

Heimild: GALLUP. Væntingavísitala GALLUP ásamt vísitölum um mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða.

*Mynd 15. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

*Mynd 16. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur*

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

*Mynd 17. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýnt er útflutningsverðmæti 3 flokka útflutningsvara (sjávarafurðir, ál og kísiljárn og iðnaðarvörur), reiknað á föstu gengi. Vísitala, janúar 2000=100.

*Mynd 18. Árstíðarleiddréttur vöruútflutningur*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verðmæti vöruútflutnings, reiknað á föstu gengi m.v. útflutningsvegna meðalgengisvísitölu. Sýnt er árstíðarleiddrétt 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, fyrir heildarvöruútflutning og vöruútflutning að undanskildum skipum og flugvélum.

*Mynd 19. Árstíðarleiddréttur vöruinnflutningur*

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleiddrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að veða saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

*Mynd 20. Verð- og magnþróun í vöruviðskiptum*

Heimild: Hagstofa Íslands. Verð og magnþróun innflutnings og útflutnings. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frá-dregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

*Mynd 21. Þjónustujöfnuður*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er breyting verðmætis útfluttrar og innfluttrar þjónustu frá sama fjórðungi fyrra árs, reiknað á föstu gengi.

*Mynd 22. Undirþættir viðskiptajafnaðar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður í hverjum ársfjórðungi í ma.kr., skipt eftir helstu undirþáttum (vöruskiptajöfnuður, þjónustujöfnuður og þáttatekjujöfnuður.) Rekstrarframlög eru talin með þáttatekjum.

*Mynd 23. Mánaðarlegar aflatölur*

Heimild: Hagstofan. Mánaðarleg afلامagn (í tonnum) botnfisks, uppsjávarfisks og annarra tegunda.

*Mynd 24. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða*

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er afلامagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en afلامagnið.

*Mynd 25. Verð á sjávarafurðum og áli*

Heimild: Hagstofa Íslands og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum er reiknað á Hagstofu Íslands. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með vöruskiptavog m.v. útflutning. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleiddrétt.

*Mynd 26. Olíu- og bensínverð*

Heimild: Bloomberg. Hráolia, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu fjögurra ársfjórðunga.

*Mynd 27. Hrávöruverð á heimsmarkaði*

Heimild: EcoWin/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálmum og verðlag matvæla.

*Mynd 28. Ársfjórðungslegt raungengi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

*Mynd 29. Atvinnuleysi*

Heimild: Vinnuálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleiddrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

*Mynd 30. Atvinnuleyfi og störf í boði*

Heimild: Vinnumálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefna atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

*Mynd 31. Áætlaður fjöldi starfandi*

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Fjöldi starfandi er áætlaður af Hagstofu út frá staðgreiðslugögnum og upplýsingum úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu.

*Mynd 32. Vinnumagn og meðalvinnutími á viku*

Heimildir: Hagstofa Íslands. Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiúrtak úr þjóðskrá. Við útreikning á meðalvinnutíma er aðeins reiknað með þeim svarendum sem höfðu unnið í 1 klst. eða fleiri í aðalstarfi eða aukastarfi í viðmiðunarviku. Vinnumagn er margfeldi meðalvinnutíma og fjölda við vinnu í viðmiðunarviku.

*Mynd 33. Atvinnuleysi skv. könnun Hagstofu*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiúrtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar).

*Mynd 34. Launavísitala og kaupmáttur launa*

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

*Mynd 35. Laun á almennum markaði, hjá opinberum starfsmönnum og launaskrið*

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölunnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölunnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Myndin sýnir launaskrið yfir sl. 4 ársfjórðunga.

*Mynd 36. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbörf ríkissjóð*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf er halli ríkissjóðs að viðbættum löngum og stuttum útlánunum umfram heimtar afborganir og eignasölu. Jákvæð lánsfjárbörf merkir halla og neikvæð lánsfjárbörf merkir lánsfjárafgang.

*Mynd 37. Tekjur og gjöld ríkissjóðs*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sýnd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

*Mynd 38. Þróun skatttekna*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrír flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

*Mynd 39. Þróun ríkisútgjalda*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrír flokkar útgjalda ríkis; almenn mál og löggæsla; félags-, heilbrigðis- og menntamál; atvinnumál.

*Mynd 40. Hlutaftjármarkaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun*

Heimild: Kauphöll Íslands. Sýnd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (á þingi og utan þings) og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 41. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði*

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérþýli á höfuðborgarsvæðinu. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur byggðar á verðþróun reiknaðrar húsaleigu í vísitölu neysluverðs.

*Mynd 42. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði*

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofuhúsnæðis, 1995=100. Sýnt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

*Mynd 43. Íbúðalánasjóður: afgreidd húsbref og afgreiddar umsóknir vegna nýbygginga og endurbóta*

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbref á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirtar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbrefalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

*Mynd 44. Verð veiðiheimilda í þorski*

Heimild: LÍÚ og Kvótaping. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtakvóti) í þorski.

*Mynd 45. Útlánaaukning lánakerfisins*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs. Útlán til heimila, fyrirtækja og útlán alls.

*Mynd 46. M3 og innlend útlán innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA hf. frá og með mars 1999 og með Kaupþingi banka hf. frá janúar 2002. Útlánaþróun er einnig sýnd leiðrétt fyrir áætluðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána.

*Mynd 47. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvisitölu. M3 er árstíðarleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA hf. við visitölu útlána og Kaupþing banka hf. í janúar 2002. Janúar 2000=100.

*Mynd 48. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sýnd er 12 mánaða breyting 3 mánaða meðaltala.

*Mynd 49. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til 1 dags og 3 mánaða.

*Mynd 50. Skammtímavextir og vaxtamunur við útlönd*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímarauvextir eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisbréfa. Verðbólguálagið er munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina. Frá og með júlí 2002 er miðað við flokkana RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410. Fram að því var miðað við flokkana RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210. Vikulegar tölur.

*Mynd 51. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun ríkisbréfa miðað við hagstæðasta kauptilboð til u.þ.b. 1 árs, 4½ árs og 11 ára (RIKB 03 1010, RIKB 07 0209 og RIKB 13 0517). Meðalvextir á óverðtryggðum skuldabréfum banka og sparisjóða.

*Mynd 52. Tímaróf óverðtryggðra vaxta*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kauptilboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

*Mynd 53. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kauptilboð viðskiptavaka í 15 ára spariskírteini og húsbréf í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001 og IBH26 0315. Meðalvextir á verðtryggðum skuldabréfum banka og sparisjóða.

*Mynd 54. Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða, ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til um 4 ára (flokkur RIKB 07 0209) og vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.

*Mynd 55. Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða og ávöxtun spariskírteina*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á verðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða og ávöxtunarkrafa húsbréfa (flokkur IBH 26 0315) og spariskírteina (flokkur RIKS 05 0410).

*Mynd 56. Mismunur meðalkjörvaxta og stýrivaxta, mismunur útlánsvaxta banka og ávöxtunar spariskírteina*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mismunur óverðtryggðra meðalútlánsvaxta banka og sparisjóða og ávöxtunarkröfu spariskírteina til um 2 ára (flokkur flokkur RIKS 05 0410) (þessar raðir eru sýndar í mynd 54). Mismunur óverðtryggðra meðalkjörvaxta banka og sparisjóða og vaxta í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.

*Mynd 57. Út- og innlánsvextir banka og sparisjóða (verðtryggð kjör)*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vegið meðaltal meðalvaxta óverðtryggðra skuldabréfalána og vegið meðaltal innlánsvaxta á verðtryggðum reikningum bundnum í 60 mánuði hjá bönkum og sparisjóðum.

*Mynd 58. Gengisþróun krónunnar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Gengisskráningarvísitala íslensku krónunnar, mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisskráningarvísitalu er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 59. Verðlagsþróun erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar 12 mánaða breyting neysluverðs í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 60. Atvinnuleysisþróun erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi (fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af mannafla) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 61. Iðnaðarframleiðsla erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt iðnaðarframleiðsla sem vísitala (1995=100) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 62. Hagvöxtur erlendis*

Heimild: EcoWin. Ársfjórðungslegar tölur. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðung á fyrra ári í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

*Mynd 63. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

*Mynd 64. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis*

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

*Mynd 65. Hlutabréfaverð erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru breiðar hlutabréfavitölur; S&P 500 í Bandaríkjunum, EURO STOXX Index á evrusvæðinu, FTSE 350 í Bretlandi og Nikkei 225 í Japan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 2000.

*Mynd 66. Stýrivextir seðlabanka erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur um stýrivextir Seðlabanka í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

*Mynd 67. Vextir á peningamarkaði erlendis*

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur um vexti á peningamarkaði til 3 mánaða í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

*Mynd 68. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa erlendis*

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Japan og Bretlandi.

*Mynd 69. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1999.

*Mynd 70. Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og ESB*

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Bandaríkjunum og í Evrópusambandinu. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár.

*Mynd 71. Hagvaxtarspár fyrir öll lönd (meðaltal)*

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu að meðaltali í þeim löndum sem Consensus Forecasts birtir spár fyrir. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár.

*Mynd 72. Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD*

Heimild: EcoWin, OECD. 6 mánaða breyting á ársvarða. OECD, Bandaríkin, evrusvæðið, Bretland og Japan. Leiðandi hagvísar OECD eru samsettir og byggjast á breiðu safni annarra hagvísa.